

Reglugjörð

107
31. ágúst

fyrir forðagæslumenn Gullbringusýslu.

1. gr.

Forðagæslumaður hver skal vandlega kynna sjer lög nr. 44, 10. nóvbr. 1913, um forðagæslu, og hegða sjer eftir þeim og reglugjörð þessari.

2. gr.

Eftirlitsferðir samkvæmt 3. gr. nefndra laga skal forðagæslumaður fara um gæslusvæði sitt á tímabilinu frá októberbyrjun til 10. desember, hið fyrra, og milli 1. mars og 10. apríl, hið síðara. Að vorinu skal hann eftir bestu föngum afla sjer upplýsinga um skepnuhöld og fyrningar hjá gæslusvæðisbúum.

3. gr.

Sje fóður í forðabúri eða á annan hátt til trygt á gæslusvæðinu eða sjer-staklega fyrir það, hefir forðagæslumaður þess svæðis umsjón með því. Hafi hreppsnefnd trygt sveitinni fóðurbirgðir utan hrepps, hefir forðagæslumaður hreppsins einnig umsjón með þeim, eða þar sem fleiri eru en einn, sá þeirra, er hreppsnefnd ákveður.

4. gr.

Bókfærslu þá og skýrslugjörð, er lögin gera ráð fyrir (5.—6. gr.), skal forðagæslumaður annast með nákvæmni samkvæmt þar til gefnu skýrsluformi, og gæta þess, að gjörðabókin eigi verði fyrir skemdum í vörslum hans. Þar sem forðagæslumenn eru fleiri en einn í sveit, ákveður hreppsnefnd hver þeirra geyma skuli gjörðabókina, og sjer hann um innritun skýrslanna.

5. gr.

Á gæsluferðum sínum skal forðagæslumaður aðstoda menn í fóðurásetning og leiðbeina í hirðing búpenings; einnig skal hver forðagæslumaður jafnan brýna vandlega fyrir búpeningseigendum, hvað við liggur, ef fjenaður verður magur eða fellur fyrir vanrækslu þess, er hefir hönd yfir honum.

107

31. ágúst

6. gr.

Brot á skyldum forðagæslumanns samkvæmt reglugjörð þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

108

20. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Landsspítalasjóð Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 20. sept. 1915. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Landsspítalasjóð Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landsspítalasjóður Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans, og er stofnaður af gjöf Geirs kaupmanns Zoëga og konu hans í Reykjavík 26. maí 1915.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Vinnist sjóðnum frekara fje með gjöfum eða á annan hátt, skal varðveita það og verja því á sama hátt og fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari um stofnfjeð.

3. gr.

Meðan stofnanda sjóðsins nýtur við, geymir hann fje sjóðsins og ávaxtar það, og skulu vextir allir lagðir við höfuðstól þangað til styrkveiting má fyrst fram fara samkvæmt skipulagsskrá þessari.